

BREYTT DEILISKIPULAG KYNNINGUPPDRÁTTUR

HÖRÐUVELLIR

Breyting skv. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 141, dags. 17.04.2023.
ONE / 2304870

Greinargerð:

Deiliskipulagssvæði Hörðuvalla liggur að stærsta hluta á Hörðuvöllum sem er svæðið milli Rjúpnahæðar og Vatnsendahvarfs. Að norðan afmarkast svæðið af fyrirhugðum Arnarnesvegi og íbúðahverfi á Vatnsendahæð. Deiliskipulagið var samþykkt 24.07.2003.

Forsendur og markmið:

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð í samræmi við aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, sem liggur að skipulagssvæðinu. Nauðsýnlegt er að aðlaga mörk deiliskipulags Hörðuvalla vegna þess. Umrætt deiliskipulag Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar er auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi þessu.

Tillaga að breytingu:


Í tillögunni felst að breyta mörkum skipulagssvæðis Hörðuvalla í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahæð. Þar er gert ráð fyrir nýrri 500 íbúða byggð á 29 hektara svæði með tvær akstursaðkomur innan Kópavogs, um Kambaveg og Turnahvarf. Mörk deiliskipulags Hörðuvalla breytist austan við Klappakór og Perlukór þar sem mörkin færast nær Andarhvarfi, og við gatnamót Kambavegs og Kleifakórs, en þau gatnamót verða innan nýs deiliskipulagssvæðis.

Möguleg umhverfisáhrif:

Umhverfisáhrif vegna breytinga á mörkum skipulagssvæðisins eru talin óveruleg miðað við gildandi deiliskipulag.

Ferill máls:

Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði auglýst. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar þann 9.05.2023 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

Kópavogi, dags.


Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

Skýringar

	Byggingarreitur
	Bilageymsla í kjallara (byggingarreitur)
	Bindandi byggingarlína
	Mörk skipulagssvæðis
	Lóðarmörk
	Flatarmál lóða
	Fjöldi hæða og kjallari
	Kvöð um trjágróður
	Heildarfjöldi bílastæða/hlutfall í kjallara
	Öryggisgirðing við vegi
	Reiðleið
	Göngustígur
	Upphækkun og/eða þrönging
	Gömul landamerki (leiulanda-bletta) /girðingar
	Hljóðveggur



Deiliskipulag: HÖRÐUVELLIR í mkv. 1:2000
Samþykkt í bæjarráði / bæjarstjórn 12. apríl 2022.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi:
Hörðuvellir í mkv. 1:2000